Fimmtudaginn 22. júní 1995.

Nr. 407/1994. **G. P. verktakar hf.**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Reykjavíkurborg
(Hjörleifur Kvaran hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Vanhæfi. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1994. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.840.238 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. september 1992 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var flutt hér fyrir dómi um formhlið þess 21. júní 1995.

Áfrýjandi reisir ómerkingarkröfu sína á því, að annar meðdómenda í héraði, Gunnar Torfason verkfræðingur, hafi verið vanhæfur til dómstarfa í málinu á grundvelli g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ekki kemur fram í endurriti úr þingbók, að bókað hafi verið sérstaklega um kvaðningu meðdómsmanna, er þeir tóku fyrst sæti í héraðsdómi 13. apríl 1994, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 91/1991. Þá liggur ekki heldur fyrir, hvort dómsformaður hafi greint aðilum málsins frá því með fyrirvara, hverja hann hygðist kveðja til setu í dóminum, sbr. 1. mgr. sömu greinar.

Fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að Gunnar Torfason verkfræðingur rekur verkfræðistofu í sama húsnæði og Línuhönnun hf., en það er verkfræðistofa sú, er annaðist hönnun og gerð útboðsgagna fyrir Reykjavíkurborg og eftirlit með verki því, sem deilt er um í málinu. Þá virðast einhver tengsl vera milli verkfræðistofanna,

en símbréfanúmer beggja er hið sama. Við svo búið verður að telja, að fyrir hendi hafi verið aðstæður, sem voru til þess fallnar að veita áfrýjanda ástæðu til að draga óhlutdrægni meðdómarans í efa, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991. Þegar af þeirri ástæðu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju frá og með því þinghaldi, er meðdómendur tóku sæti í dómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur frá og með þinghaldi 13. apríl 1994 er ómerkt. Er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.